

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 2. Breytingin felur í sér stækkun á lóðinni um 2.600 m². Gert er ráð fyrir tveimur nýjum byggingarreitum og verða núverandi byggingarreitir fyrir steypustöð og iðnaðarhús stækkaðir. Innkeyrsla sunnanmegin færist til austurs.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhelli 13 og 15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2025 breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhelli 13 og 15. Breytingin felst í því að lóðirnar Álhella 13 og 15 verði sameinaðar. Byggingarreitur Álhelli 13 verði sameinaður byggingarreit Álhelli 15. Sameinuð lóð fær númerið Álhella 13.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Reykjavíkurvegar vegna Dalshrauns 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2025 breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Reykjavíkurvegar vegna Dalshrauns 8. Í breytingunni felst stækkun á bílaþvottastöð um 46,2 m². Nýtingarhlutfall breytist úr 0,41 í 0,43.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kinnar vegna Bröttukinnar 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var breytingin samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2025. Breytingin felst í því að byggingarreitur færist frá lóðarmörkum í norðvestur inn á miðja lóð til norðausturs og mun verða einn samfelldur byggingarreitur undir nýbyggingu og endurgerð á eldra húsi. Nýtingarhlutfall lóðar verður allt að 0,65. Núverandi hús verður fjarlægt af lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi, miðbær-Hraun, vestur vegna Smyrlahrauns 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 19. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulaginu miðbær-Hraun, vestur vegna Smyrlahrauns 1. Breytingin felst í stækkun lóðar um 34 m², aukningu byggingarmagns um 15,75 m² og lækkun nýtingarhlutfalls úr 0,65 í 0,63. Gert er ráð fyrir sólskála ofan á bílgeymslu.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. nóvember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 4. desember 2025